

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐ

Ár 2024, miðvikudaginn 16. október, kl. 9:00 var haldinn 323. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Pawel Bartoszek, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Alexandra Briem, Hjálmar Sveinsson, Líf Magneudóttir og áheyrnarfulltrúarnir Andrea Helgadóttir og Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Inga Rún Sigurðardóttir, Sunna Stefánsdóttir og Hólmi Friður Frostadóttir.

Fundarritari var Glóey Helgudóttur Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram í trúnaðarbók drög að gjaldskrár fyrir umhverfis- og skipulagssvið árið 2025, drög að greinargerð umhverfis- og skipulagssviðs með fjárhagsáætlun 2025 og drög að rekstraryfirliti aðal- og eignasjóðs fyrir árið 2025. Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri, Kristín Anna Þorgeirsdóttir, fjármálasérfræðingur, Ásdís Ásbjörnsdóttir, Eva Kristinsdóttir, Hjalti Jóhannes Guðmundsson og Halldóra Traustadóttir, skrifstofustjórar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram bókun sem færð var í trúnaðarbók.

- Kl. 09:06 tekur Marta Guðjónsdóttir sæti á fundinum
- Kl. 09:08 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum USK24050008

2. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að nærþjónustukjarna innan íbúðarbyggðar (IB7) í Skerjafirði. Samþykkt að auglýsa, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað í borgarráð USK24020304

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram verklýsing og drög að breytingu að landnotkunarheimildum við Hringbraut. Hringbraut sem aðalgata frá Bjarkargötu að Ánanaustum. Samþykkt að auglýsa, sbr. 1-2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað í borgarráð. USK24100121

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dags. 8. október 2024. USK24070166
5. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar samgöngustjóra dags. 7. október 2024 ásamt fylgiskjölum. USK24010019

6. Fram fer kynning á minnisblaði um umferðaröryggi og aðgengi í Vogabyggð. Bjarni Rúnar Ingvarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK24100088

- Kl. 10:44 vikur Ólöf Örvarsdóttir af fundi

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins minna á fyrri tillögur sínar og ábendingar í þágu aukins umferðaröryggis í Vogabyggð. Auka þarf umferðaröryggi á fjölförnum gatnamótum í hverfinu með snjallstýringu gangbrautarljósa. Um er að ræða

gatnamót Sæbrautar-Kleppsmýrarveggar-Skeiðarvogs, Sæbrautar-Súðarvogs og Kleppsmýrarveggar-Dugguvogs-Skútuvogs. Þá þarf að ráðast í úrbætur á gatnamótum Knarrarvogs og Súðarvogs í þágu óvarinna vegfarenda. Þarna er slyshætta vegna mikillar umferðar um gatnamótin af ökutækjum, sem eru á leið til eða frá bílastæðum fjölsótttra atvinnufyrirtækja við Knarrarvog. Setja þarf upp skýrar varúðarmerkingar þar sem Knarrarvogur þverar fjölfarinn hjólastíg Kelduleiðar, t.d. með merki um hjóla- og göngustíg og með því að lita hjólareinina á þessum stað. Þá þarf að taka upp stöðvunarskyldu á gatnamótunum gagnvart umferð frá Knarrarvogi í stað biðskyldu. Enn og aftur skal minnt á fyrri tillögur Sjálfstæðisflokksins um að leitast verði við að leggja sérmerktar hjólareinar milli götu og gangstéttar í Vogabyggð þar sem aðstæður leyfa. Við hönnun og skipulag Vogabyggðar fórst fyrir að gera ráð fyrir slíkum hjólareinum, sem hefði verið hægðarleikar því gangstéttar í hverfinu eru flestar breiðar og rúmgóðar. Æskilegt er að slíkar hjólareinar verði lagðar við þær götur, sem enn eru ófrágengnar í hverfinu. Við hörmum að meirihluti Samfylkingar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar skuli vísa frá tillögu Sjálfstæðisflokksins um að hraða undirbúningi við endurgerð gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar í því skyni að auka umferðaröryggi, bæta umferðarflæði og draga úr mengun. Vel væri hægt að flýta hönnun gatnamótanna og ljúka framkvæmdum við þær árið 2026 í stað 2030 eins og nú er miðað við. Frávísunin er greinilega í samræmi við þá stefnu meirihlutans að tefja fyrir samgöngubótum í borginni eins og kostur er og koma jafnvel í veg fyrir þær.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins lagði fram 2. október s.l. tillögu um að setja göngubrú yfir Sæbraut sem forgangsverkefni í ljósi hörmulegs banaslyss sem varð við Sæbraut fyrir skemmstu. Sú framkvæmd er að hefjast. Koma verður strax upp snjallstýrðum gangbrautarljósum sem lesa umferðarflæði, aðstæður og hreyfingar vegfarenda. Aðgerðir til lengri tíma snúa að Sæbraut í stökk því vitað var að göngubrú yrði yfir Sæbraut milli Tranavogs og Snekkjuvogs, yrði hæðarlega erfið. Stokkur myndi tengja saman Vogabyggðina við Vogana vestan Sæbrautar, og gera göngubrúna óþarfa. Skóla- og fristundasvið Reykjavíkur heldur úti akstri skólabíls milli Vogabyggðar og Vogaskóla á virkum dögum, sem þó fullnægir ekki ferðapörf allra nemanda í Vogabyggð, s.s. í tengslum við frístund. Sæbrautarstokkur mun bæta úr vandamálum en fram að þeim tíma ætti að nota snjallljósakerfi til að stýra umferðinni. Vogabyggð er orðin fjölmenn byggð og börnin í hverfinu þurfa daglega að fara yfir Sæbrautina til að sækja skóla, frístundir og fleira. Íbúar hafa lengi verið að kalla eftir úrbótum. Þetta er hættulegar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Íbúar Vogabyggðar hafa þurft að takast á við ótta um öryggi barna sinna allt of lengi og gangandi vegfarendur eru í stöðugri hættu.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Læra þarf af umferðarvandamálum Vogabyggðar og bæta sig við uppbyggingu af þessu tagi þar sem stórar íbúðabyggingaframkvæmdir eru gerðar. Tryggja að gengið sé frá gangstéttum, hjóla- og gönguleiðum sem geti þjónustað íbúa á meðan á framkvæmdaraski stendur. Þetta er nauðsynlegt til þess að vetrarþjónusta geti farið fram og íbúar sem ekki ferðast á bíl komist leiðar sinnar innan hverfis, og inn og út úr hverfinu. Gangstétt norðan við Kleppsmýrarveg hefði tengt Gelgjutanga og hefði verið hægt að hefja vetrarþjónustu á honum, í 3 ár hefur Bátavogur og Gelgjutangi nokkru skemur verið nánast samfleytt verið ótengdir fyrir óvarða vegfarendur sem nota götuna, og bílastæði við Bónus til þess að komast leiðar sinnar. Réttast hefði verið að fara strax í að byggja þar gangstétt, sem forgangsmál fyri þá þéttu byggð sem vitað var að myndi byggjast upp við og neðan við Kleppsmýrarveg sem á erindi á Skútuvog eða yfir Sæbraut. Þá hefði verið hægt að hefja vetrarþjónustu um leið fyrir þann hluta byggðarinnar sem enn er illa tengdur fyrir gangandi, hjólandi og fólk með börn og barnavagna. Beygjuljós/rautt

ljós til vesturs á Kleppsmýrarveg úr norðri og beygjuakrein á Skútuvogi ætti að koma til skoðunar til þess að létta á gatnamótum Skútuvogs og Kleppsmýrarvegar.

7. Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að afturkalla gjaldskyldu á eftirfarandi götum, þar til Háskóli Íslands hefur gjaldtöku á nærlægum svæðum:
 - Aragata
 - Oddagata
 - Sæmundargata

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins. USK24040128

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Lögð er fram tillaga um að afturkalla gjaldskyldu á eftirfarandi götum, þar til Háskóli Íslands hefur gjaldtöku á nærlægum svæðum: • Aragata • Oddagata • Sæmundargata. Flokkur fólksins fagnar þessari afturköllun og vill láta ganga lengra og afturkalla gjaldskyldu í kringum alla skóla og sjúkrastofnanir. Gengið hefur verið of langt í að seilast í vasa þeirra sem verða og vilja nota bíl ekki síst meðan ljóst þykir að almenningssamgöngur eru langt því frá að vera viðunandi.

8. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa, dags. 10. október 2024. USK22120094
9. Fram fer kynning á vinningstillögu að hugmyndaleit fyrir Leirtjörn Vestur og stöðu deiliskipulagsvinnu.

Magnea Guðmundsdóttir frá teiknistofunni Stiku og Þórhildur Þórhallsdóttir frá Landmótun ásamt Hrönn Valdimarsdóttir verkefnastjóra og Borghildi Sölvey Sturludóttur deildarstjóra taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK24060028

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins líst vel á ef byggðin verður að stórum hluta fyrir eldra fólk með allri þeirri þjónustu sem eldra fólk þarfnast og langar að hafa nálægt sér. Fyrir liggja samningar um uppbyggingu lífsgæðakjarna, húsnæðisuppbyggingar fyrir eldri borgara með fjölbreyttu framboði af þjónustu í nærumhverfinu, meðal annars á þessu svæði. Ef lífsgæðakjarni verður þarna er ekki þörf á skólum og leikskólum. Gæta þarf einnig að samráði og fara snemma af stað í samtalið við nærliggjandi byggðar og þeim hugmyndir og möguleika sem eru um þróun þar. Bent er loks á að í nýjum hverfum er þörf á bílastæðum oft stórlega vanmetin og má nefna Þorpið í Gufunesi og mögulega mun skorta bílastæði í Keldnalandinu. Bílastæðahús inn í hverfum í stað bílastæða við heimilin og deilibílaakerfi hefur ekki almennilega náð að virka hér enn sem komið er og þarf að horfa til þess þegar ný hverfi eru skipulögð. Hönnuðir þurfa að aðlaga sig að þörfum og óskum borgarbúa, þeirra sem þarna er ætlað að búa.

10. Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 29. maí 2024, vegna gerð deiliskipulags fyrir Borgarspítalareit. Skipulagssvæðið afmarkast af Háaleitisbraut til vesturs, suður jaðri Borgarspítalans til norðurs, núverandi íbúðabyggð við Markarveg og Kjarrvegur til suðurs og Álftalandi til austurs. Skipulagslýsing þessi nær til breytingar á gildandi deiliskipulagi Eyrarland. Staðgreinir 1.840, samþykkt í borgarráði 30. desember 1973. Breytingin felur í sér að deiliskipuleggja reitinn sunnan Borgarsjúkrahússins undir nýja íbúðabyggð með áherslu á fjölbreytta og spennandi byggð fyrir unga sem aldna sem tekur mið af staðháttum og umhverfi. Einnig er lagður fram tölvupóstur Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, f.h.

Íbúaráðs Háaleitis og Bústaða, dags. 26. júní 2024, um framlengingu á umsagnarfresti. Lýsingin var kynnt frá 13. júní 2024 til og með 1. október 2024. Umsagnir bárust. Kynning á athugasemdum

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið

- Kl. 11:50 vikur Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir af fundi USK24050386

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi sósíalista vill taka fram að það er algjört lykilatriði að sjúklingar á Borgarspítala fái að njóta gróins umhverfis sunnan við spítalann á meðan hann er enn í starfsemi. Að framkvæmdir og hávaði og streita sem þeim fylgja hefjist ekki á þessum reit upp við spítalann fyrr en starfsemin sé flutt á nýjan stað, nema það sé gert af mikilli nærgætni við sjúklinga sem dvelja á spítalanum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Deiliskipuleggja á reitinn sunnan Borgarsjúkrahússins undir nýja íbúðabyggð og segir í gögnum að leggja eigi áherslu á fjölbreytta og spennandi byggð fyrir unga sem aldna. Fulltrúi Flokks fólksins vill sjá þarna fyrst og fremst kjarna fyrir eldri borgara enda nú þegar komin slík byggð sem reynst hefur vel. Þessi staðsetning hentar mjög vel fyrir íbúðabyggð fyrir eldra fólk sbr. það sem fyrir er á Sléttuvegi og nágrenni. Þarna gæti verið skemmtilegur lífsgæðakjarni fyrir eldri borgara. Öll svæði eiga vissulega að vera lífsgæðasvæði/-kjarnar. Flokkur fólksins lagði til árið 2021 að skipuleggja byggð fyrir eldra fólk víðsvegar í Reykjavík. Fjölmargir vilja einmitt að íbúðasvæði í borginni verði skipulögð þar sem sérstök áhersla er lögð á þjónustu við eldra fólk og þeirra þarfir. Þessi reitur sem hér um ræðir hentar vel þegar horft er til nærþjónustu og afþreyingarmöguleika.

11. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 28. febrúar 2024 ásamt kæru nr. 23/2024, dags. 26. febrúar 2025, þar sem kærð er ákvörðun Reykjavíkurborgar að hafna beiðni kæranda að taka upp ákvörðun um veitingu byggingarleyfis sem veitt var Apartments og rooms ehf. 30. ágúst 2022 og varðar Hraunberg 4. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 26. mars 2024. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 3. maí 2024. Úrskurðarorð: Felld er úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 6. febrúar 2024 um að hafna kröfu um að taka upp ákvörðun umsamþykki byggingaráforma, dags. 9. nóvember 2021, vegna breytinga á annarri hæð fjöleignarhúss á lóð nr. 4 við Hraunberg. Að öðru leyti er kærumáli þessu vísað frá úrskurðarnefndinni. USK24020285
12. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 29. febrúar 2024 ásamt kæru nr. 24/2024 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 30. janúar 2024 um að samþykkja leyfi fyrir áðurgerðum breytingum á húsi á lóð Túngötu 36A. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 19. mars 2024. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. júní 2024. USK24020298
13. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 10. maí 2024 ásamt kæru nr. 54/2024, dags. 10. maí 2024, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkur að kærendum, þinglýstum eigendum að Laugarásvegi 63, sé gert að fjarlægja skjólvegg við lóðarmörk Laugarásvegar 61 að viðlögðum dagsektum. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 23. maí 2024. Jafnframt er lagður fram bráðabirgaúrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 24. maí 2024. Úrskurðarorð: Frestað er réttaráhrifum ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 23.

apríl 2024 um að kærendum bæri að fjarlægja skjólvegg við lóðarmörk Laugarásvegur 61 innan 14 daga að viðlögðum dagssektum að fjárhæð kr. 25.000.

Þá er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. júní 2024. úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 23. apríl 2024 um að krefjast þess að kærendur fjarlægji skjólvegg við lóðarmörk Laugarásvegur 61. Að öðru leyti er máli þessu vísað frá úrskurðarnefndinni. USK24050124

14. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 8. ágúst 2024 ásamt kæru nr. 84/2024, dags. 8. ágúst 2024, þar sem kært er samþykkt byggingarleyfi fyrir Sólvallagötu 14. Einnig er lagt fram uppfært erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. ágúst 2024 ásamt uppfærðri kæru í máli nr. 84/2024, dags. 8. ágúst 2024. USK24080058
15. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 2. ágúst 2024 ásamt kæru nr. 83/2024, dags. 1. ágúst 2024, þar sem kærð er ákvörðun byggingaryfirvalda í Reykjavík vegna umsóknar kæranda um byggingu bílskúrs á eignarlóð hans að Stýrimannastíg 14 í Reykjavík. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 2. september 2024. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 25. september 2024. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um að ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 9. júlí 2024 um að synja umsókn um byggingarleyfi fyrir tvöfaldri bílageymslu á lóð nr. 14 við Stýrimannastíg, Reykjavík. USK24080014
16. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 13. ágúst 2024 ásamt kæru nr. 87/2024, dags. 10. ágúst 2024, þar sem kærð er ákvörðun ákvörðun um útgáfu lokaúttektarvottorðs byggingarfulltrúa Reykjavíkur vegna Tangabryggju 13 – 15 sem gefið var út 18. júlí 2024. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 13. september 2024. USK24080100
17. Lagt fram afgreiðslubréf borgarráðs, dags. 3. október 2024, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu um breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna lóðarinnar nr. 3 við Arnarhlíð. USK23060353
18. Lagt fram afgreiðslubréf borgarráðs, dags. 3. október 2024, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar, lóð nr. 54 við Hofsvallagötu. USK24080295
19. Lagt fram afgreiðslubréf borgarráðs, dags. 3. október 2024, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými efsta hluta Laugavegar vegna 1. lotu Borgarlínu. USK24090202
20. Lagt fram afgreiðslubréf borgarráðs, dags. 3. október 2024, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir göturými á nyrðri hluta Nauthólsvegar vegna 1. lotu Borgarlínu. USK24090203
21. Lagt fram afgreiðslubréf borgarráðs, dags. 3. október 2024, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. USK24090074
22. Lagt fram afgreiðslubréf borgarráðs, dags. 3. október 2024, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarnesvegur áfanga 3. USK24090155
23. Lagt fram afgreiðslubréf borgarstjórnar, dags. 3. október 2024, vegna samþykktar borgarstjórnar frá 1. október 2024 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.240, Hlemmur og nágrenni, og Hlemmur, umferðarskipulag, vegna breytinga á gatnamótum Laugavegs og Katrínartúns. USK24080215

24. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hólma í ofanvatnstjörn norðan við Breiðholtsbraut, sbr. 31. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs 25. september 2024. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 9. október 2024.

Tillagan er felld með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins. USK24090314

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er felld með hliðsjón af umsögn sviðsins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins lagði til að hólmar yrðu gerðir í ofnavatnstjörn norðan við Breiðholtsbraut. Tillagan er felld sem er miður. Umsögn er neikvæð. Í henni segir: að ekki sé heppilegt að laða fuglalíf sérstaklega að svæðum sem eru hönnuð til þess að taka á móti mengun úr byggðu umhverfi og að hólmi minnki vatnið, Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillagan verði felld. Fulltrúi Flokks fólksins er ekki sáttur við þessi rök enda ekki góð rök. Ekkert er því til fyrirstöðu að stækka tjörn sem nemur því rúmmáli sem hólminn tekur og eru því rök um að hann dragi úr virkni settjarna haldlítil. Þetta er spurning um hönnun mannvirkja og líffræðilega hugsun, en ekki bara verkfræðilega. Margar fuglategundir synda ekki, svo sem allar spörfuglategundir, og munu því ekki „mengast“ af vatninu, en í hólma finna þær frið fyrir t.d. köttum og geta alið upp unga. Það er ekki í þágu fuglalífs að halda því frá tjörnum. Þvert á móti. Skynsamlegt væri fyrir umhverfis- og skipulagsyfirlönd að endurskoða þessa umsögn sína og leita frekari ráðgjafar.

25. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kynningu á búsetuúrræði í JL húsinu, sbr. 16. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. október 2024. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu stjórnsýslu og gæða og skipulagsfulltrúa USK24100101
26. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að úrbætur verði gerðar þegar í stað á gatnalýsingu við norðanverða Hofsvallagötu, vestanverða Túngötu og austanverða Holtsgötu, sbr. 18. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. október 2024. Vísað til mats og meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs skrifstofu borgarlandsins USK24100106
27. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fækkun bílastæða við Sólvallagötu fari í kynningu og samráð við íbúa, sbr. 17. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. október 2024. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar. USK24100105
28. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um JL húsið, sbr. 19. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. október 2024. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa USK24100100
29. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um niðurtekin plaköt, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 9. október 2024. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu þjónustu og samskipta. USK24100107
30. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að ráðist verði í úrbætur á gatnamótum Úlfarsbrautar og Urðarbrunnis í því skyni að auka umferðaröryggi. Úrbæturnar miði m.a. að því að því að það verði alveg skýrt í huga þeirra, sem um gatnamótin fara, hvort þar sé um hringtorg eða venjuleg gatnamót að ræða. Nú virðist nokkur óvissa ríkja um það, sem getur tvímælalaust valdið misskilningi og hættu. Áhersla verði lögð á að tryggja öryggi óvarinna vegfarenda við gatnamótin.

Frestað USK24100169

31. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um ástæður þess að gatnalýsingu hefur verið ábótavant í Vesturbænum að undanfögnu. Um er að ræða kafla við Hringbraut, Hofsvallagötu, Túngötu, Holtsgötu og e.t.v. fleiri götur, sbr. nýlegar tillögur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um málið. Er um að ræða þörf á peruskriptum eða viðtækari bilanir og ef svo er, í hverju felast þær? USK24100171

32. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir greinargerð um fyrirkomulag gatnalýsingar í Reykjavík. Þar komi m.a. fram hvernig viðhaldi sé háttáð, bæði peruskriptum og viðgerðum, og hvaða verkferlar gildi um þessi atriði. Hvernig er fylgst með því hvar þörf er á peruskriptum eða viðgerðum hverju sinni og hversu skjótt er brugðist við þegar um slíkt er að ræða? USK24100170

33. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hversu miklu fé hefur verið varið í endurbætur á húsnæði leikskólans Laugasól í Reykjavík? Flokkur fólksins spyr einnig hvort ekki hafi verið hægt að sjá og meta burðarstyrk í jarðvegi og undirstöðum áður en ráðist var í framkvæmdirnar? Greinargerð fylgir fyrirspurn. USK24100167

Fundi slitið kl. 12:24
Pawel Bartoszek

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Líf Magneudóttir
Marta Guðjónsdóttir
Magnússon

Hjálmar Sveinsson
Alexandra Briem
Kjartan